

Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022

Greinargerð með frumvarpi



FRUMVARP AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR ÁRIÐ 2022

1. Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2022 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 4. nóvember 2021 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í bæjarráði 26. október 2021 og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Garðabæjar 2. desember 2021. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2023, 2024 og 2025.

Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar voru lagðar fram í bæjarráði 14. september sl.

Kórónuveirufaraldurinn hefur reynst þrálátari en vonir stóðu til þrátt fyrir að búið sé að bólusetja þorra þjóðarinnar og almenn þátttaka verið góð.

Mikil óvissa ríkir um framvindu efnahagsmála á næstu árum meðal annars vegna:

Covid-19. Óvissa ríkir um þróun faraldursins hér á landi og ekki síður erlendis.

Ferðapjónusta. Spár um hagvöxt á næsta ári eru nær alfarið reistar á forsendum um að til landsins komi um 1,5 millj. ferðamanna. Ekki er hér á vísan að róa.

Kjarasamningar. Lífskjarasamningarnir gilda til 1. nóvember 2022 og kjarasamningar við kennara eru lausir um næstu áramót.

Gengi krónunnar og verðbólga: Í spá Hagstofu Íslands er gengið út frá þeirri forsendu að gengi krónunnar verði óbreytt. Ef gengið lækkar má ætla að verðbólga verði meiri en ella og samdráttur í landsframleiðslu minni með jákvæðum áhrifum á atvinnustig. Hækkun gengisins hefði áhrif í gagnstæða átt.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga

Fyrri liggur samkomulag Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisins um afkomu og efnahag árin 2021 – 2025. Samkomulagið bindur ekki hendur einstakra sveitarfélaga eins og skýrt er kveðið á um í samkomulaginu. Í samkomulaginu kemur fram að Samband íslenskra sveitarfélaga beri að kynna það fyrir sveitarfélögum. Mælst er til að sveitarfélög virði samkomulagið og skipi fjármálum sínum næstu ár í samræmi við það.

Í samkomulaginu eru tilgreind fjöldi verkefna sem gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög sinni saman á næstu árum. Meðal verkefna eru:

- Heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- Endurmat á útgjöldum vegna hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða.
- Greining á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk og sérstakt mat lagt á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðarbreytinga og stjórnvaldsfyrirmæla. Í kjölfarið verði teknar upp viðræður um hvernig bregðast megi við þessari þróun og hvernig best verði staðið að fjármögnun aukins kostnaðar hjá sveitarfélögum.


Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Jafnvægisreglan

Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B- hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2020 sýndi jákvæða niðurstöðu 774 m.kr. í A og B sjóði. Útkomuspá fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu 255 m.kr. fyrir A og B sjóð og framlögð fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir 49 m.kr. jákvæðri afkomu samstæðunnar.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla




Skuldareglan

Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150 % af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall Garðabæjar skv. ársreikningi 2020 nam 100%. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að það nemi 111,5% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 116,9%. Skuldaviðmið nemur 90,4%.

Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025 og koma þannig til móts við tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19. Á þetta reynir ekki hjá Garðabæ þar sem sveitarfélagið er innan marka viðmiðana bæði hvað varðar jafnvægisreglu og skuldareglu.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið



Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2022 eru:

- Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu að helstu hagstærðir þróist ekki á verri veg, hagræðing gangi eftir og stuðningur ríkisins verði áþreifanlegur.
- Að skuldahlutfall verði á svipuðum nótum og undanfarin ár.
- Að ekki verði dregið úr grunnþjónustu vegna samdráttar skatttekna.
- Að útsvarhlutfall verði áfram 13,7%.
- Að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er.
- Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins.
- Að áfram verði unnið að því að hrinda í framkvæmd tillögum og ábendingum sem koma fram í skýrslu Haraldar Línadal Haraldssonar frá 2019 um rekstur Garðabæjar.
- Að bæjarbúum sé gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við fjárhagsáætlun og fjármagni veitt á framkvæmdayfirliti til að bregðast við ábendingum. Áfram verður unnið að því að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem hlutu kosningu í lýðræðisverkefninu Betri Garðabær árin 2019 og 2021 og tekist hefur einstaklega vel.
- Að þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta bæjarsjóðs verði neikvæður um 463 m.kr. og jákvæð rekstrarniðurstaða samstæðureiknings um 49 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 1.337 m.kr. hjá A sjóði og 2.011 m.kr. í samstæðureikningi. Framlegð er áætluð 10 % en er 10,6% samkvæmt áætlun 2021.

Fjárhagsstaða Garðabæjar er sterk, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldaviðmið er áætlað að verði 90,3%. Framkvæmdir eru áætlaðar 4.168 millj. árið 2022 en voru áætlaðar 3.545 millj. árið 2021.

2. Skatttekjur


Útsvar Áætlaðar útsvarstekjur eru 13.148 m.kr. og hækka um 7,6% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2021. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útgönguspá 2021 og tekið er tillit til launaþróunar og íbúafjölgunar.

Fasteignagjöld Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda verði þau sömu og þau voru á árinu 2021. Tekjur af fasteignagjöldum hækka um 8,9% milli ára vegna hækkunar á fasteignamati og fjölgunar á eignum.


Álagningarhlutföll fasteignagjalda verða skoðuð nánar milli umræðna.

Jöfnunarsjóður Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 1.113 m.kr. á árinu 2022 en var áætlað 1.097 m.kr.. 2021. Hækkunin er um 1,5%. Skoða þarf betur framlög Jöfnunarsjóðs milli umræðna en ekki lágu fyrir áætlanir fyrir allar deildir sjóðsins við framlagningu fjárhagsáætlunarinnar.

Skipting tekna 2022



Skipting málaflokka sem hlutfall tekna 2022



3. Rekstur málaflokka

3.1. Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 9.488 m.kr. árið 2022 í A- og B sjóði sem er 10% hækkun milli ára og 12,6% hækkun frá niðurstöðu ársreiknings 2020.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. Ákvæði kjarasamninga um vinnutímastyttingu vaktavinnufólks kom til framkvæmda frá 1. maí 2021 og vegur hækkun vegna þessa því þungt á vaktavinnustöðum fyrir allt árið 2022. Kjarasamningar starfsmanna Garðabæjar eru almennt bundnir á árinu 2022 að undanskildum samningum við kennarafélögin en þeir samningar eru lausir um næstu áramót.

Rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 8.145 m.kr. og hækkar um 9,5 % milli ára. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 40,4% af tekjum á árinu 2022 en er áætlaður 40,7% af tekjum skv. útkomuspá 2021.

Undir annan rekstrarkostnað falla liðir sem eru að hækka mikið milli ára eins og ýmiss kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk, námsvistargjöld, framlög til einkarekinna skóla og fleira sem er til komið vegna launahækkana hjá þeim aðilum sem verið er að kaupa þjónustu af.

Hér á eftir er gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við upphaflega áætlun 2021 með viðaukum sem samþykktir hafa verið í bæjarstjórn.

3.2. Fjölskyldusvið

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjölskyldusviðs verði 2.808 m.kr. og hækki um 11,4% miðað við fjárhagsáætlun 2021 með viðaukum. Kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks nemur 1.876 m.kr. eða um 50% af áætluðum fjárveitingum fjölskyldusviðs og hefur hækkað mikið á síðustu árum vegna aukinnar þjónustu við fatlað fólk. Fjárframlög Jöfnunarsjóðs hafa ekki fylgt þessari þróun síðustu ára.

Hjúkrunarheimilið Ísafold og dagdvöl aldraðra hefur verið rekin af Hrafnistu samkvæmt samningum þar um síðustu árin, hjúkrunarheimilið frá 2017 og dagdvölin frá 2019. Á árinu 2022 verður sú breyting á að ekki verður um bein rekstrarframlög að ræða frá Garðabæ vegna reksturs hjúkrunarheimilisins eins og verið hefur.

Á árinu 2021 var tekið í notkun nýtt heimili fyrir fötluð börn í húsnæði þar sem áður var heimili fyrir fatlað fullorðið fólk í Sigurhæð. Starfsemin hófst í mars eftir verulegar endurbætur á húsnæðinu.

Verkefni fjölskyldusviðs hafa vaxið mikið undanfarin ár m.a. með yfirtöku sveitarfélaga á málafokki fatlaðs fólks. Á síðastliðnum árum hefur starfsmönnum á fjölskyldusviði fjölgað um þrjá sérfræðimenntaða starfsmenn vegna verulegra meiri umsvifa sviðsins.


Á árinu 2019 var tekin í notkun nýr íbúðakjarni fyrir fatlað fólk við Unnargrund og búa þar 6 einstaklingar í sjálfstæðri búsetu. Stefnt er að því að byggja tvo nýja íbúðakjarna á næstu árum sbr. framlagða framkvæmdaáætlun. Verkefninu hefur seinkað vegna skipulagsmála en vonir standa til að framkvæmdir við íbúðakjarna í Brekkuási geti hafist í upphafi árs 2022. Jafnhliða fjölgun íbúðakjarna verður sambýlum fækkað.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að efla félagsstarf eldri borgara með nýrri aðstöðu á miðsvæði Álftaness auk þess sem gert er ráð fyrir að unnið verði að stækkun félagsaðstöðu eldri borgara í Jónshúsi.

Kostnaður vegna fjölskyldusviðs nam 1.536 m.kr. árið 2017, en er áætlaður 2.808 m.kr. árið 2022 sem er 83% hækkun á 6 árum. Skatttekjur hafa hækkað á sama tímabili um 39,3%. Unnið er að úttekt og greiningu á kostnaðaraukningu sveitarfélaganna vegna málefna fatlaðs fólks og eru niðurstöður væntanlegar fljótlega.


Gert er ráð fyrir kaup á þremur félagslegum íbúðum á árinu 2022.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2022



Þús.kr.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2022




3.3. Fræðslumál


Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 9.870 m.kr. á árinu 2022 sem er um 9,6% hækkun milli ára eða um 868 m.kr. Hækkun frá upphaflegri áætlun 2020 er 13,3%.

Skólaskrifstofa

Kostnaður vegna skólaskrifstofu er áætlaður 375 m.kr. sem er hækkun um 15,3% milli ára. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 5 m.kr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 28 m.kr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 9 m.kr. til þróunarverkefna í leikskólum. Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð 35 m.kr., sem er 5 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Einnig er gert ráð fyrir 12 m.kr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla.

Skipting kostnaðar vegna fræðsluviðs 2022





Leikskólar

Til reksturs leikskólamála er áætlað að verja um 3.633 m.kr. sem er um 15,3 % hækkun milli ára. Hækkun frá ársreikningi 2020 er 25,4 %.

Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl og er Garðabær það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem lengst er komið að ná því markmiði. Helstu beytingar á leikskólaumhverfinu er umtalsverð fjölgun leikskólabarna í Urriðaholti og í sveitarfélaginu almennt. Við þessari þróun hefur verið brugðist með ungbarnaleikskólanum Mánahvol sem hóf starfsemi í ágúst 2021 fyrst í húsnæði leikskólanna Krakkakots og Holtakots og frá nóvember 2021 í einingahúsum sem eru staðsett við hlið Sunnuhvals á Vífilstöðum. Á Mánahvoli er áætlað að verði allt að 112 börn á árinu 2022.

Á árinu 2021 var unnið að endurbótum á lóðum á Bæjarbóli, Hæðarbóli og Krakkakoti með tilliti til þarfa yngstu barnanna. Einnig var lokið við að setja hita í gólf og bæta skiptiaðstöðu á Hæðarbóli og er það síðasti leikskólinn sem fær slíka aðstöðu. Á Bæjarbóli er unnið að uppsetningu á nýju eldhúsi ásamt umbótum á sal leikskólans.

Til viðhalds leikskólanna í eignasjóði er áætlað að verja 41,2 m.kr. sem er 22% hækkun frá fyrra ári.

Leikskólar í Garðabæ hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða sjálfstætt starfandi bjóða börnum dvöl frá 12 mánaða aldri fyrir utan Sunnuhvol og Mánahvol sem eru reknir sem ungbarnaleikskólar. Breyting hefur orðið á rekstrarumhverfi leikskólanna þar sem mun yngri börn hefja nú dvöl á leikskólunum en áður var. Stefnt er að því að ljúka innritun barna sem fædd eru 2020 í byrjun árs 2021.

Fjöldi barna í leikskólum sem þegar er innritaður er eftirfarandi:

Leikskólar	5 ára	4 ára	3 ára	2 ára	1 árs	Samtals
Akrar	14	25	19	14	9	81
Ásar	1	23	27	31	12	94
BSK	35					35
Bæjarból	21	8	20	19	11	79
Flataskóli	12	5				17
Mánahvoll					23	23
Holtakot	14	8	9	6	21	58
Hnoðraholt		18	33	19	26	96
Hæðarból	22	18	11	7		58
Kirkjuból	7	12	14	9	18	60
Krakkakot	19	16	23	18	18	94
Litlu Ásar		11	11	10	20	52
Lundaból	8	14	13	15	13	63
Sjálaland	19	17	29	27	22	114
Urriðaholtsskóli	43	54	55	61		213
Sunnuhvoll					26	26
Alls	215	229	264	236	219	1163

Ath. á leikskólunum Hnoðraholti og Litlu Ásum er meðtalin börn úr öðrum sveitarfélögum.

Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1. október 2021 var 1.163 þar af eru um 391 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðipjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning og hefur verið lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir óbreyttum opnunartíma leikskóla sem eru opnir virka daga frá kl. 7:30 – 17:00. Einnig eru allir leikskólar í Garðabæ opnir alla sumarmánuði og hafa foreldrar/forráðamenn val um töku fjögurra vikna sumarleyfis árlega.

Gert er ráð fyrir að byggingaframkvæmdir við nýjan leikskóla í Urriðaholti hefjist á árinu 2022 en undirbúnings- og hönnunurvinnu er að ljúka. Leikskólinn verður 1.400 fm² að stærð og áætlað er að þar dvelji um 116 börn á 6 deildum.

Fjöldi leikskólabarna í Garðabæ síðustu 5 árin hafa verið:

2017 - 2018 896 börn

2018 - 2019 992 börn

2019 - 2020 1.200 börn

2020 - 2021 1.083 börn


2022 – 2023 1.163 börn

Fjölgun leikskólabarna frá skólaárinu 2017 – 2018 er því 267 börn.


Sjálfstætt starfandi leikskólar

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni. Launaþáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Stefnt er að því að endurnýja alla samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og er unnið að því að ljúka þeim samningum á árinu 2021. Fjöldi leikskólabarna í sjálfstætt starfandi leikskólum í Garðabæ eru 391 þar af 114 börn á Leikskólanum Sjálandi, sem er stærsti sjálfstætt starfandi leikskólinn í Garðabæ.


Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2022



Einkareknir leikskólar 2022



Bæjarreknir leikskólar 2022



Grunnskólar

Áætlað er að verja um 4.794 m.kr. til grunnskólamála á árinu 2022. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 235 m.kr. eða 5,1%. Til reksturs frístundaheimila er áætlað að verja 141 m.kr. samanborið við 127 m.kr. árið 2021, og nemur hækkunin um 11%. Í heildina stóð nemendafjöldi í grunnskólum Garðabæjar í stað milli vor- og haustannar 2021. Haustið 2016 var miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar lagt niður með þeim áhrifum að nemendum í 5.–7. bekk í öðrum skólum Garðabæjar fjölgaði og var fjölgunin mest í Flataskóla. Barnaskóli Hjallastefnunnar bauð aftur upp á nám á miðstigi frá haustinu 2019. Frá 1. október 2021 voru nemendur á miðstigi skólans 35 þar af 3 í 5. bekk, 19 í 6. bekk og 17 í 7. bekk. Heildarfjöldi grunnskólanemenda í skólanum var á sama tíma 128 og hafði fjölgað um 35 milli skólaára. Nemendur í Alþjóðaskólanum voru við upphaf yfirstandandi skólaárs 89.

Skólastjórnendur grunnskólanna hafa á síðustu árum óskað eftir að auknum fjárveitingum verði varið til viðhalds húsnæðis skólanna. Í eignasjóði er fjárveiting að fjárhæð 140 m.kr. til viðhalds á húsnæði skólanna sem er 10 m.kr. hækkun milli ára. Til þess að mæta óskum stjórnenda skólanna um aukið viðhald er á framkvæmdayfirliti fjárveiting að fjárhæð 100 m.kr. til endurbóta á skólahúsnæði og 100 m.kr. til endurbóta á skólalóðum. Einnig er á framkvæmdayfirliti gert ráð fyrir að 1.000 m.kr. verði varið til hefja byggingu næsta áfanga Urriðaholtsskóla og 4.100 m.kr. á árunum 2023 – 2025.

Heildarfjöldi grunnskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2017.


2017 - 2018	2.429 börn	Fækkun frá fyrra ári 17 börn
2018 – 2019	2.437 börn	Fjölgun frá fyrra ári 8 börn
2019 – 2020	2.505 börn	Fjölgun frá fyrra ári 68 börn
2020 – 2021	2.516 börn	Fjölgun um 11 börn
2021 – 2022	2.546 börn	Fjölgun um 30 börn

Fjölgun grunnskólabarna á síðustu 5 árum er 117 börn.

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar milli skólaára

	2019-2020	2020-2021	2021-2022	breyting 21/22
Flataskóli	448	441	418	-23
Garðaskóli	521	540	580	+40
Hofsstaðaskóli	585	573	538	-35
Sjálundsskóli	304	269	255	-14
Álftanessóli	411	417	390	-27
Urriðaholtsskóli	54	89	148	+ 59
Samtals	2.323	2.329	2.329	0

Skipting kostnaðar vegna grunnskólareksturs 2022



Tónlistarskóli

Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 316 m.kr. sem er 2,4% hækkun frá fyrra ári. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Nemendur við Tónlistarskóla Garðabæjar eru 478 skólaárið 2021-2022. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var bætt við hálfu stöðugildi kennara til að mæta aukinni eftirspurn eftir skólavist og liggur fyrri beiðni skólastjóra um að fjölga um eitt stöðugildi við gerð fjárhagsáætlunar 2022. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur, en starfsstöðvar skólans eru í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla þar sem eru um 101 nemandi.

Námsvistargjöld

Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 210 m.kr. vegna leik- og grunnskóla sem er 15,8% hækkun frá 2021. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík og hefur gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna barna í Klettaskóla hækkað umtalsvert. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 16 m.kr. á árinu 2022, sem er sama fjárhæð og á árinu 2021.

Einkareknir grunnskólar

Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum en unnið er að endurskoðun samninga. Gert er ráð fyrir að verja 314 m.kr. til einkarekinna skóla árið 2022 sem er hækkun um 19% frá áætlun 2021.

3.4. Menningarmál

Fjárveiting til menningarmála er 251 m.kr. sama upphæð og árið 2021.

Framlög til bókasafns Garðabæjar nema 105 m.kr. og hækka um 3,4 % milli ára. Rekstrarkostnaður Hönnunarsafns Íslands er áætlaður 73 m.kr. og hækkar um 6,8 %. Framlag ríkisins til safnsins er áætlað 18 m.kr. en endanlegt framlag liggur ekki fyrir þar sem fjárlög ríkisins hafa ekki verið lögð fram.

Á árinu 2022 er ráðgert að halda veglega Vetrarhátíð dagana 4. – 6. febrúar með dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar auk Tónlistarskóla Garðabæjar og í sundlaugum bæjarins.

Í hverjum mánuði verður fjölskyldum boðið að taka þátt í ýmisskonar smiðjum sem tengjast Hofstaðagarðinum en verkefnið er styrkt að hluta af Barnamenningarsjóði Íslands.

Fjölbreytt Barnamenningarhátíð er haldin í Garðabæ í byrjun apríl en skólahópum er boðið að taka þátt í innihaldsríkri dagskrá á skólatíma. Á árinu 2021 tóku 650 nemendur þátt í dagskrá Barnamenningarhátíðar auk 804 nemenda sem unnu að sýningu á leirfluglum sem sýnd var á hátíðinni. Barnamenningarhátíð 2022 lýkur með dagskrá fyrir fjölskyldur og sýningum á verkum barnanna.

Nemendum í grunn- og leikskólum Garðabæjar er boðið að njóta menningardagskrár á vor- og haustönn. Dagskrá fer fram í Hönnunarsafni, Bókasafni Garðabæjar og í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.


Ný tónleikaröð, Tónlistarnæring, sem hóf göngu sína haustið 2021 heldur áfram. Haldnir eru tónleikar mánaðarlega í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í góðu samstarfi við skólann.

Leiðsagnir og fyrirlestrar í Hönnunarsafni Íslands eru meðal viðburða sem og Jazzhátíð Garðabæjar.


Sumaropnun á Króki verður efld og viðburðir verða á sunnudögum yfir sumartímann en auk þess verður Jónsmessugleði á vegum myndlistarfélagsins Grósku meðal fastra sumarviðburða. Þá fara viðburðir fyrir alla fjölskylduna fram á Garðatorgi yfir sumarmánuðina.

Aðventuhátíð Garðabæjar í desember fer fram með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í menningarstofnunum bæjarins sem og á útisvæðinu á Garðatorgi.

Menningarmál - skipting kostnaðar 2022



Þús.kr. Skipting kostnaðar menningarmála 2022



3.5. Æskulýðs- og íþróttamál

Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 2.523 m.kr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 305 m.kr. frá árinu 2021. Ný rekstrareining, fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri, tekur til starfa í upphafi árs 2022 og er áætlaðar kostnaðar við rekstur þess 209 m.kr. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, í Mýrinni, íþróttahúss Sjálandsskóla og íþróttahúss í Vetrarmýri. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 1.203 m.kr.


Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar í Garðaskóla, Klakans í Sjálandsskóla og Elítunnar í Álftanesskóla nemi 126 m.kr. sem er 6,7% hækkun frá upphaflegri áætlun 2021.

Fjárveiting til þjónustusamninga vegna barna- og unglingastarfs er áætlað um 34 m.kr.. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga er 139 m.kr. og nema hvatapeningar fyrir hvert barn kr. 50.000.

Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 70,4 m.kr.. Einnig er áætlað að til framkvæmda fari 50 m.kr. til endurnýjunar íþróttavalla.


Framlög til íþrótt- og æskulýðsfélaga eru áætluð miðað við gildandi samninga við félögin.

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2022




Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2022

Þús.kr.



3.6. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 180 m.kr. en voru 158 m.kr. árið 2021. Hækkunin nemur um 13,6%. Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir hækkun sem nemur 12,9% frá fyrra ári. Hækkunin er einkum vegna hækkana á launakostnaði og styttingu vinnutíma vaktavinnufólks. Framlag til sjóvarnargarða er 4 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.




3.7. Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála nema 103 m.kr. árið 2022 en voru áætluð 87 m.kr. árið 2021. Kotnaðarhækkun milli ára er um 18,8%. Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorp frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 10 daga fresti. Kostnaður við sorphreinsun, gámastöðvar og grenndargámastöðvar er áætlaður 289,6 m.kr. en sorphreinsunargjöld eru áætluð 261 m.kr. Til sorpeyðingar og urðunarstaða er áætlað að verja 99 m.kr.. Í rekstraráætlun Sorpu kemur fram að magn sorps sem berst öllum starfsstöðvum Sorpu hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar Sorpu er beintengdur magni. Í Garðabæ er pappír og plasti sérsafnað við hvert heimili. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013. Byrjað var að sérsafna plasti við heimili árið 2018. Á árinu 2022 er stefnt að því að auka flokkun sorps frá heimilum, til að uppfylla þá breytingu sem varð á lögum um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var síðastliðið sumar. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt Sorpu vinnur að útfærslu á innleiðingu verkefnisins. Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og eru í dag sjö grenndargámastöðvar í sveitarfélaginu. Hafin er innleiðing á innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar sem er liður í umhverfisstefnu bæjarins, markmiðið er að draga úr innkaupum, auka endurnotkun, bæta flokkun á úrgangi og draga úr sorpmagni hjá stofnunum og starfsfólki Garðabæjar.

Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 10,2 m.kr. skv. fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins og er færður í málaflokk 03 skv. nýlegum breytingum á bókhaldsreglum sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að áætlun vegna Sorpu verði rýnd sérstaklega milli umræðna um fjárhagsáætlun og fjárhæð sorpgjalds sem innheimt er með fasteignagjöldum skoðað m.t.t. þess kostnaðar sem það á að standa undir.

Hreinlætismál - skipting kostnaðar 2022



3.8. Skipulags- og byggingarmál


Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 279 m.kr. sem er svipuð upphæð og árið 2021. Gert er ráð fyrir að verja um 76 m.kr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðaskipulags samanborið við 83 m.kr. árið 2021.

Á árinu 2022 verður unnið að fjölbreyttum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu. Á Álftanesi er unnið að skipulagi fyrir Norðurnes. Vinna við þróunarsvæði A við Hafnarfjarðarveg er að hefjast sem kallar á aðal- og deiliskipulagsbreytingu og undirbúning borgarlínu. Deiliskipulag fyrir útivistarsvæði og stígagerð í upplandi Garðabæjar sem og deiliskipulag fyrir Vífilsstaðahraun verða unnin. Auk þess sem áfram er unnið að skipulagsmálum í Urriðaholti.

Byggingarleyfi - nýbyggingar 2017-2021

	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals
Einbýlishús	35	26	13	18	13	105
Rað/parhús	48	32	24	31	27	162
Fjölbýli	214	242	110	173	203	942
Atvinnuhúsnæði		1	3	2	1	7
	297	301	150	224	244	1.216

Skipulags- og byggingarmál - skipting kostnaðar 2022



3.9. Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 1.452 m.kr. árið 2022 sem er um 187 m.kr. hækkun að ræða eða 14,7%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stog gangstétta er hækkað úr 77 m.kr. í 92,0 m.kr., gatnahreinsun hækkar úr 30 m.kr. í 37 m.kr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 317 m.kr. í 379 m.kr. eða um 19,4% m.a. vegna aukningar á innanbæjarakstri.

Rétt er að nefna að ef gerðar verða breytingar á akstri Strætó innan bæjarmarka getur skipting á rekstrarframlaginu breyst á milli eigenda. Einnig er rétt að vekja athygli á því að nema- og öryrkjaframlagið tekur mið af seldum fargjöldum til þessara hópa og getur því tekið einhverjum breytingum. Unnið hefur verið markvisst að því að styrkja innviði fyrir aðra ferðamáta en bílinn til að auka hlutdeild vistvænna samgangna. Frá árinu 2018 hefur verið unnið markvisst að því að fjölga strætóskýlum í Garðabæ og áfram er stefnt að fjölgun biðskýla með fjárveitingu á framkvæmdayfirliti að fjárhæð 10 m.kr. árlega á árunum 2022 - 2025. Einnig hefur verið unnið að því að bæta hjólaaðstöðu og verður áfram unnið að því verkefni með 5 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er til að bæta aðstöðu hjólreiðamanna á næsta ári. Þá er fyrirhugað að fjölga rafhleðslustöðvum fyrir rafbíla og er 15 m.kr. fjárveiting á framkvæmdayfirliti ætlað til þess.


Einnig er áætlað að verja 104 m.kr. til snjómoksturs og hálkueyðingar. Til götulýsingar er áætlað 94,5 m.kr., sem er hækkun um 19,7%, og er hækkunin vegna LED ljósavæðingar bæjarins.

Íslenska ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samkomulag í sept. 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára. Markmið samkomulagsins er:

- Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
- Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi.

Garðabær greiðir 71,5 m.kr. á árinu 2022 til verkefnisins sem fært er á framkvæmdayfirlit.

Umferðar- og samgöngumál - skipting kostnaðar 2022




3.10. Umhverfismál

Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 478 m.kr. en upphafleg áætlun 2020 gerði ráð fyrir 436 m.kr. eða hækkun um 9,7%. Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 160 m.kr. á árinu 2022 og afstaða tekin til aukafjárveitingar þegar ljóst verður með vorinu hvernig atvinnuhorfur ungs fólks verða. Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 36,9 m.kr. og kostnaður við slátt og hirðingu opinna svæða hækkar um 21 m.kr. eða 14,5%.

Tækni- og umhverfissvið hefur bent á þörfina fyrir auknu fjármagni vegna nýrra hverfa og svæða í bænum sem þurfa umhirðu.

Umhverfismál - skipting kostnaðar 2022




3.11. Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 1.087 m.kr. á árinu 2022 en var 997 m.kr. árið 2021. Hækkunin nemur 9,0%. Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofa eða 447 m.kr. og hækkar um 6,4% milli ára.

Áætlaður kostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar hækkar úr 295 m.kr. í 303 m.kr., sem er 3% hækkun.

Hlutdeild bæjarins í innheimtukostnaði staðgreiðslu útsvars. skv. lögum hækkar úr 58 m.kr. í 61 m.kr. vegna aukinna útsvarstekna árána 2021 og 2022.

Kostnaður vegna tölvumála er 322 m.kr. sem er 3% hækkun og er kostnaðurinn allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað og fjölda stöðugilda. Vaxandi kröfur eru gerðar til öryggismála og er kappkostað að sinna þeim þáttum eins og kostur er. Auk þess eru áætlaðar 23 m.kr. til stafrænnar þróunar.



3.12. Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

Vaxta- og verðbóttagjöld af langtímaskuldum eru áætluð 732 m.kr.

Auk þess eru áætlaðar 200 m.kr. í varasjóð.

Gert er ráð fyrir um 3,0% verðbólgu sem er hálfu prósentu umfram þjóðhagsspá. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár um verðlagsþróun hafa ekki alltaf staðist.

Afskriftir eru áætlaðar 1.226 m.kr. 2022, en eru áætlaðar 1.074 m.kr. árið 2021.

4. Aðrir sjóðir í A-hluta

4.1. Eignasjóður

Rekstur eignasjóðs samanstendur af rekstri fasteigna. Tekjur eru reiknuð innri leiga sem er tekjufærð á eignasjóð og gjaldfærð á rekstur málaflokka. Gjöld eru fasteignagjöld, öryggisgæsla, húsa- og brunatryggingar, afskriftir, launakostnaður og viðhald húsa og lóða. Einnig eru verðbóta- og vaxtagjöld af langtímaskuldum og vaxtagjöld til eigin fyrirtækja færð á eignasjóð. Þar er einnig varasjóður sem er færður á málaflokka með viðaukum ársins.

Tekjur eignasjóðs nema samtals 4.673 m.kr. og gjöld að meðtöldum afskriftum 1.896 m.kr.

Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 350 m.kr. á árinu 2022 en voru áætlaðar 314 m.kr. árið 2021. Tækni- og umhverfissvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin.

Fjármagnsliðir eignasjóðs eru áætlaðir 1.444 m.kr. að meðtöldum innri lánnum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem reiknuð hefur verið í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar og vextir lækkaðir í 1,5% vegna almennrar vaxtalækkunar á síðustu misserum.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir 200 m.kr. varasjóði til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á árinu.

Í eignasjóði er gert ráð fyrir tekjum af sölu byggingaréttar að fjárhæð 1.000 m.kr.

4.2. Þjónustumiðstöð

Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 7,2 m.kr. Þjónustumiðstöðin þjónustar m.a. stofnanir bæjarins og er sú vinna seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu. Til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar telst einnig rekstur á bílum og tækjum þjónustumiðstöðvarinnar. Á síðustu árum hafa tæki og bílar þjónustumiðstöðvarinnar verið endurnýjuð jafnt og þétt og hefur ákveðinni fjárhæð af búnaðarlið verið varið til þessa. Húsnæði þjónustumiðstöðvar hefur bæði verið stækkað með leigu á efri hæð og aðstöðu í Lyngási 18.

5. Sjóðir í B-hluta

5.1. Garðahús

Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 20 m.kr. árið 2022 og hækka um 6 m.kr., og er hækkunin tilkomin vegna áætlunar um aukið viðhald á íbúðum. Unnið er að því að samræma húsaleigu við nágrannasveitarfélög í áföngum. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir að að verja um 150 m.kr. til kaupa á félagsíbúðum á árinu 2022 og 100 m.kr. á árinum 2023 – 2025.

5.2. Samveitur

Jákvæð niðurstaða samveitna er 406 m.kr. Álagningarhlutfall vatnsgjalds og holræsagjalda er óbreytt. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 400 m.kr. framkvæmdum vegna veitna á árinu 2022. Vegna þjónustu áhaldahúss/ þjónustumiðstöðvar við veitur er nú gjaldfærðar 55 m.kr.

5.3. Rekstur fasteignarinnar - Strikið 3

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3 gerir ráð fyrir að skila 125 m.kr. tekjuafgangi vegna samnings við ríkið um svokallaða leiguleið sem farin var vegna byggingar hjúkrunarheimilisins.

Gengið var frá skuld milli A og B sjóða vegna hallareksturs hjúkrunarheimilisins Ísafoldar í ársreikningi fyrir árið 2020 fyrir þau ár sem reksturinn var á vegum Garðabæjar sbr. viðauka sem samþykktur var í bæjarstjórn á árinu 2020.

Framkvæmdir

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 4.168 m.kr.. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 4.300 m.kr. sbr. sjóðsstreymisyfirlit og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 1.743 m.kr.

Til gatnagerðar, hljóðvistar, umferðarmála er áætlað að verja 1.261,5 m.kr. Gert ráð fyrir 1.000 m.kr. tekjum af gatnagerðargjöldum.

Til skólabygginga er áætlað að verja um 100 m.kr.

Til endurbóta á skólalóðum er áætlað að verja 100 m.kr.

Til byggingar nýs leikskóla í Urriðaholti er áætlað að verja 800 m.kr.

Til kaupa á færanlegum húseiningum fyrir leikskóla er áætlað að verja 50 m.kr.

Til byggingar næsta áfanga Urriðaholtsskóla er áætlað að verja 900 m.kr.

Til endurnýjunar íþróttavalla er áætlað að verja 50 m.kr.

Til búnaðarkaupa o.fl. fyrir fjölnota íþróttahúss er áætlað að verja 200 m.kr.

Til búsetuúrræða fyrir fatlað fólk er áætlað að verja 200 m.kr.

Til bættis aðgengis fatlaðs fólks er áætlað að verja 20 m.kr.

Til félagsmiðstöðva eldri borgara 150 m.kr.

Til minjagarðs við Hofsstaði er áætlað að verja 100 m.kr.

Til endurbóta á Garðatorgi og Hönnunarsafni er áætlað að verja 100 m.kr.

Til greiðslu samkvæmt kaupsamningi um Vífilsstaðaland 211,8 m.kr.

Til stofnframlaga fyrir leiguíbúðir 40 m.kr.

Til opinna leik- og útivistarsvæða 100 m.kr.

Til strætóskýla 10 m.kr. og til hjólaaðstöðu 5 m.kr.

Til nýrra hleðslustöðva 15 m.kr.

Til nýrra grenndargáma 5 m.kr.

Til lýðræðisverkefna Betri Garðabæjar 50 m.kr.

Til ýmiss búnaðar er áætlað að verja 150 m.kr.

Til samveitna er áætlað að verja 400 m.kr.

Til kaupa á félagslegu húsnæði er áætlað að verja f 150 m.kr.

6. Þriggja ára áætlun 2023-2025

Áætlun fyrir árin 2023-2025 (þriggja ára áætlun) er gerð á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars 13,7 %, sem er það lægsta sem þekktist meðal stærri sveitarfélaga landsins. Ekki er lagt mat á verðlagsbreytingar milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun eða um 3% árin 2023 – 2025. Vegna íbúafjölgunarinnar er gert ráð fyrir að skatttekjur og aðrar tekjur aukist með fjölgun íbúa.


Gert er ráð fyrir um 460 - 500 m.kr. hækkun launa og 250 – 380 m.kr. hækkun annars rekstrarkostnaðar á tímabilinu og að tekjur hækki um 1.091 – 1.280 m.kr. á tímabilinu samfara íbúafjölgun. Lán eru reiknuð af núverandi lánaskrá og greidd niður skv. skilmálum um afborganir. Gert er ráð fyrir lántökum að fjárhæð 3.403 m.kr. árið 2023, 2.255 m.kr. árin 2024, 3.750 m.kr. árið 2025. Lögð er áhersla á að veita eins góða þjónustu og kostur er og viðhalda áframhaldandi háu ánægjustigi íbúa með góðri þjónustu bæjarins á öllum sviðum.


Íbúafjöldi í Garðabæ síðustu 5 ár

2016	15.250 íbúar
2017	15.700 íbúar
2018	16.300 íbúar
2019	16.920 íbúar
2020	17.570 íbúar
2021	18.345 íbúar (skv. Hagstofu í nóv. 2021)

Íbúum Garðabæjar hefur fjölgað mikið frá 2016 eða um 3.095 íbúa á 6 árum.

Dróun rekstrartekna





7. Lokaorð

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2022 hefur verið unnin í samræmi við vinnuferla sem kynntir voru í bæjarráði við upphaf áætlunargerðar og í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með. Forstöðumenn stofnana hafa áætlað fyrir sínar deildir að gefnum ákveðnum ramma. Vegna aðstæðna sem raktar hafa verið í inngangi greinargerðarinnar er ljóst að forstöðumenn gera sér grein fyrir þeim þrengingum í efnahagslífinu sem öllum má vera ljóst vegna Covid-19.

Leitað hefur verið til bæjarbúa með ábendingar eins og gert hefur verið undanfarin ár. Opið er fyrir íbúa að skila inn ábendingum á tímabilinu 23. september til 4. nóvember. Nú þegar hafa borist fjöldi ábendinga. Einnig er mikið ánægjuefni hversu margir íbúar hafa tekið þátt í lýðræðisverkefninu Betri Garðabæ en áætlað er að verja um 50 m.kr. á fjárhagsáætlun 2022 til þess.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 10%. Eiginfjárhlutfall er áætlað að verði 0,45, veltufjárhlutfall 0,66. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 47,1% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 40,4%. Skuldir og skuldbindingar nemi samtals 23.541 m. kr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 17.032 m.kr. Skuldahlutfall nemur 116,9%, og verður 124,0% árið 2025. Skuldaviðmið 2022 nemur 90,4%.

Nokkur mál eru til skoðunar og umfjöllunar milli umræðna og má þar nefna:

- Staðgreiðsluáætlun útsvars m.t.t. íbúafjölgunar.
- Kostnað vegna sorpmála, áætlun Sorpu og gjaldtöku sorpgjalds.
- Gjaldskrárhækkunar.
- Mögulega lækking fasteignaskatta vegna mikillar hækkunar fasteignamats.
- Yfirferð á lista um ábendingar frá íbúum.

Á milli umræðna gefst bæjarfulltrúum kostur á að rýna áætlunina og koma með ábendingar og breytingartillögur, svigrúm til viðbótarverkefna er lítið eins og niðurstaða rekstrar í A- sjóði gefur til kynna.

Síðari umræða um fjárhagsáætlun verður í bæjarstjórn Garðabæjar 2. desember 2021.